

DV



SJÓNVARPIÐ

- 18.00 **Sumarglugginn.** Endursýndur þáttur frá st. sunnudegi.
- 18.50 **Táknmálfréttir.**
- 18.55 **Poppkorn.** Umsjón Stefán Hilmarsson.
- 19.25 **Barði Hamar** (Sledgehammer). Bandarískur gamanmyndaflökkur. Þýðandi Guðni Kolbeinsson.
- 19.50 **Tommi og Jenni.**
- 20.00 **Fréttir og veður.**
- 20.30 **Grænir fingur (19).** – Grænmeti, uppskera og geymsla. Þáttur um garðrækt í umsjón Hafsteins Hafliðasonar. Gestur þáttarins er Kristín Gestsdóttir.
- 20.50 **Litli lávarðurinn** (Little Lord Fauntleroy). Bandarísk bíómynd frá árinu 1936. Leikstjóri John Cromwell. Aðalhlutverk Freddie Bartholomew, C. Aubrey Smith og Mickey Rooney. Myndin er byggð á sigldri skáldsögu eftir Frances H. Burnett. Hún segir frá ungum pilti frá New York sem erfir eignir og nafnbót afa síns sem var lávarður á Englandi. Þýðandi Rannveig Tryggvadóttir.
- 22.30 **Rafeindatónlist** (Electronic Jam). Ný kanadísk heimildarmynd um notkun tölvu í tónlist. Þýðandi Bogi Arnar Finnþósson.
- 23.00 **Ellefufréttir.**
- 23.10 **Rafeindatónlist frh.**
- 23.35 **Dagskrárlok.**



STÖÐ 2

- 16.45 **Santa Barbara.**
- 17.30 **Eilíf æska.** Forever Young. Myndin segir frá ungum einhleypum presti og tólf ára föðurlausum snáða en þeir eru mjög hændir hvor að öðrum. Móðir drengsins vekur mjög sérstakar kenndir hjá prestinum sem hann getur ekki flikað, starfs síns vegna. Aðalhlutverk: James Aubrey, Nicholas Gecks og Alec McCowen.
- 18.45 **Myndrokk.**
- 19.19 **19:19.** Fréttir og fréttaumfjöllun, íþróttir og veður ásamt fréttatengdum innslögum.
- 20.00 **Sögur úr Andabæ.** Ducktales. Teiknimynd fyrir alla fjölskylduna með Andrési önd og félögum.
- 20.30 **Falcon Crest.** Bandarískur framhaldsmyndaflokkur.
- 21.25 **Bjargvætturinn.** Equalizer. Vinsæll spennumyndaflokkur. Aðalhlutverk Edward Woodward.
- 22.15 **Tiska.** Videofashion. Tiskan í algleymingi.
- 22.45 **Sögur að handan.** Tales from the Darkside. Spennandi sögur svona rétt fyrir svefninn.
- 23.15 **Heimsbikarmótíð í skák.** Páll Magnússon, fréttastjóri Stöðvar 2, sér um daglegar sjónvarpsútsendingar frá mótnu sem fram fer í Skellefta í Svíþjóð.
- 23.35 **Skrimsílasamtökin.** Monster Club. Hrollvekjuleikarinn Vincent Price er mörgum góðkunnur og fer hann með eitt aðalhlutverkanna í þessari mynd. Aðalhlutverk: Vincent Price, John Carradine, Donald Pleasence og Britt Ekland.
- 01.10 **Dagskrárlok.**

Rás 1  
FM 92.4/93.5

- 6.45 **Veðurfregnir.** Bæn, séra Arnfríður Guðmundsdóttir flytur.
- 7.00 **Fréttir.**
- 7.03 **Í morgunsmáli** með Ingvaldi Ólafsdóttur. Fréttayfirlit kl. 7.30 og 8.30, fréttir kl. 8.00 og veðurfregnir kl. 8.15. Fréttir á ensku

HREINSID LJÓSKERIN  
REGLULEGA.

Óhrein ljósker geta gefið allt að helmingi minna ljósmagn.

DRÖGUM ÚR HRADA!

UMFERDAR  
RÁÐ

- að loknu fréttayfirliti kl. 7.30. Lesið úr forustugreinum dagblaðanna að loknu fréttayfirliti kl. 8.30.
- 9.00 **Fréttir.**
- 9.03 **Litli barnatíminn:** Júlíus Blom veit sínu viti eftir Bo Carpelan. Gunnar Stefánsson les þýðingu sína (2). (Einnig útvarpað um kvöldið kl. 20.00.)
- 9.20 **Morgunleikfimi** með Halldóru Björnsdóttur.
- 9.30 **Landpósturinn** – Frá Norðurlandi. Umsjón: Kristján Guðmundur Arngrímsson.
- 10.00 **Fréttir.** Tilkyrningar.
- 10.10 **Veðurfregnir.**
- 10.30 **Hún kvenskörungur** – hann heita. Konur í íslenskum forn- bókmenntum með hljóðsögu af Færeyingasögu. Umsjón: Anna Hildur Hildibrandsdóttir og Ásta Karen Rafnsdóttir.
- 11.00 **Fréttir.**
- 11.03 **Samhljómur.** Umsjón: Bergþóra Jónsdóttir. (Einnig útvarpað að loknum fréttum á miðnætti.)
- 12.00 **Fréttayfirlit.** Tilkyrningar.
- 12.20 **Hádegisfréttir.**
- 12.45 **Veðurfregnir.** Tilkyrningar. Tónlist.
- 13.05 **Í dagsins önn** – Að kaupa íbúð. Umsjón: Ásdís Loftsdóttir. (Frá Akureyri)
- 13.35 **Miðdegissagan:** Ein á ferð og með öðrum eftir Mörthu Gellhorn. Anna María Þórisdóttir þýddi. Sigrún Björnsdóttir les (6).
- 14.00 **Fréttir.** Tilkyrningar.
- 14.05 **Harmonikubáttur.** Umsjón: Bjarni Marteinsson. (Endurtekinn þáttur frá sunnudagskvöldi.)
- 14.45 **Íslenskir einsöngvarar og kórar.** Þurður Baldursdóttir, Þorsteinn Hannesson og Liljúnörinn syngja íslensk og erlend lög. (Af hljómböndum.)
- 15.00 **Fréttir.**
- 15.03 **Bardagar á Íslandi** – Er það eigi meðalskömm. Þriðji þáttur af fimm um öfrið á Sturlungaöld: Flóabardagi. Umsjón: Jón Gauti Jónsson. Lesarar með honum: Erna Indriðadóttir og Haukur Þorsteinsson. (Endurtekinn þáttur frá mánudagskvöldi.)
- 16.00 **Fréttir.**
- 16.03 **Dagbókin.** Dagskrá.
- 16.15 **Veðurfregnir.**
- 16.20 **Barnaútlit.** Umsjón: Kristín Helgadóttir.
- 17.00 **Fréttir.**
- 17.03 **Tónlist á síðdegis** – Strauss og Mahler.
- 18.00 **Fréttir.**
- 18.03 **Að utan.** Fréttabáttur um erlend málefni. (Einnig útvarpað að loknum fréttum kl. 22.07.)
- 18.10 **Á vettvangi.** Umsjón: Páll Heiðar Jónsson og Bjarni Sigtryggsson. (Einnig útvarpað í næturútvarpi kl. 4.40) Tónlist. Tilkyrningar.
- 18.45 **Veðurfregnir.** Tilkyrningar.
- 19.00 **Kvöldfréttir.**
- 19.30 **Tilkyrningar.**
- 19.32 **Kviksjá.** Umsjón: Ragnheiður Gyða Jónsdóttir.
- 20.00 **Litli barnatíminn:** Júlíus Blom veit sínu viti eftir Bo Carpelan. Gunnar Stefánsson les þýðingu sína (2). (Endurtekinn frá morgni.)
- 20.15 **Nútimatónlist.** Þorkell Sigurbjörnsson kynir.
- 21.00 **Úr byggðum vestra.** Umsjón: Finnþógi Hermannsson. (Frá Ísafirði)
- 21.40 **Skáld úr Langadal.** Af Guðmundi Frimann og skáldskap hans. Gisli Jónsson tók saman. Lesari: Sverrir Páll Erlendsson. (Frá Akureyri)
- 22.00 **Fréttir.**
- 22.07 **Að utan.** Fréttabáttur um erlend málefni. (Endurtekinn frá sama degi.)
- 22.15 **Veðurfregnir.** Orð kvöldsins. Dagskrá morgundagsins.
- 22.30 **Hvert stefnir íslenska velferðarríkið?** Fyrsti þáttur af fimm um lífskjör á Íslandi. Umsjón: Einar Kristjánsson. (Einnig útvarpað kl. 15.03 á föstudag.)
- 23.10 **Djassþáttur.** – Jón Múli Árnason. (Einnig útvarpað í næturútvarpi aðfaranótt mánudags kl. 2.05.)
- 24.00 **Fréttir.**
- 0.10 **Samhljómur.** Umsjón: Bergþóra Jónsdóttir. (Endurtekinn frá morgni.)
- 1.00 **Veðurfregnir.**
- 1.10 **Næturútvarp á báðum rásum til morguns.**

RÁS FM 90,1

- 7.03 **Morgunútvarpið:** Vaknið til lífsins! Leifur Hauksson og Jón Ársæll Þórðarson hefja daginn með hlustendum. Fréttir kl. 8.00, veðurfregnir kl. 8.15 og leiðarar dagblaðanna kl. 8.30.
- 9.03 **Morgunþýpa.** Eva Ásrún Albertsdóttir. Neytendahorn kl. 10.05. Afmæliskefjur kl. 10.30. Þarfapungur með Jóhannu Harðardóttur kl. 11.03. Gluggað í heimsbliðin kl. 11.55.
- 12.00 **Fréttayfirlit.** Auglýsingar.
- 12.20 **Hádegisfréttir.**
- 12.45 **Milli mála.** Magnús Einarsson á útkíkk og leikur nýju lögin. Hagryðingur dagsins rétt fyrir þriðju og Veðihorníð rétt fyrir fjöguru.

- 16.03 **Dagskrá.** Dægurmálaútlit. Stefán Jón Hafstein, Sigurður Þór Salvarsson, Lisa Pálsdóttir og Sigurður G. Tómasson. – Kaffispjall og innlit upp úr kl. 16.00. – Stórmál dagsins á sjötta tímanum.
- 18.03 **Þjóðarsálin,** þjóðfundur í beinni útsendingu, sími 91-38 500.
- 19.00 **Kvöldfréttir.**
- 19.32 **Afram ísland.** Dægurlög með íslenskum flytjendum.
- 20.30 **Útlit unga fólksins.** Við hljóðnemann eru Sigrún Sigurðardóttir og Oddný Eir Árvardsdóttir.
- 22.07 **Á rölinu** með Önnu Björk Birgisdóttur.
- 1.00 **Næturútvarp á báðum rásum til morguns.** Fréttir kl. 7.00, 7.30, 8.00, 8.30, 9.00, 10.00, 11.00, 12.00, 12.20, 14.00, 15.00, 16.00, 17.00, 18.00, 19.00, 22.00 og 24.00.

- NÆTURÚTVARP**
- 1.00 **Blíft og létt....** Ólafur Þórðarson. (Einnig útvarpað í bítíð kl. 6.01.)
- 2.00 **Fréttir.**
- 2.05 **Woody Guthrie og Bob Dylan.** Umsjón: Magnús Þór Jónsson. (Endurtekinn þáttur frá Rás 2 á sunnudegi.)
- 3.00 **Næturnótur.**
- 4.00 **Fréttir.**
- 4.05 **Glefsur.** Úr dægurmálaútliti miðvikudagsins.
- 4.30 **Veðurfregnir.**
- 4.40 **Á vettvangi.** Umsjón: Páll Heiðar Jónsson og Bjarni Sigtryggsson. (Endurtekinn þáttur frá Rás 1 kl. 18.10.)
- 5.00 **Fréttir af veðri og flugsamgöngum.**
- 5.01 **Afram ísland.** Dægurlög með íslenskum flytjendum.
- 6.00 **Fréttir af veðri og flugsamgöngum.**
- 6.01 **Blíft og létt....** Endurtekinn sjómannabáttur Ólafs Þórðarsonar á nýrri vakt. Svæðisútlit Norðurlands kl. 8.10-8.30 og 18.03-19.00.

FM 98.9  
BYLGJAN

- 7.00 **Páll Þorsteinsson.** Alls kyns upplýsingar fyrir hlustendur sem vilja fylgjast með, fréttir og veður á sínum stað. **Fréttir fyrir þá sem vilja vita hvað er að gerast.**
- 10.00 **Valdis Gunnarsdóttir.** Sérstaklega vel valin og þægileg tónlist sem heldur öllum í góðu skapi.
- 14.00 **Bjarni Ólafur Guðmundsson.** Leitaðu ekki langt yfir skammt. Allt á sínum stað, tónlist og afmæliskefjur.
- 17.00 **Hallgrímur Thorsteinsson** – Reykjavík síðdegis. Finnst þér að eitthvað mætti fara betur í þjóðfélaginu í dag? Þín skoðun kemst til skila. Síminn er 61-11-11.
- 19.00 **Snjólfur Teitsson.** Afslappandi tónlist í klukkustund.
- 20.00 **Haraldur Gíslason.** Halli er með óskalögini í pokahorninu og ávallt í sambandi við íþróttaleiðina þegar við á.
- 24.00 **Næturvakt Bylgjunnar.** Fréttir á Bylgjunni kl. 8, 9, 10, 11, 12, 13, 14, 15, 16, 17 og 18.

Sigurður  
FM 102.2 & 104

- 7.00 **Þorgeir Ástvaldsson,** Fréttir og alls kyns upplýsingar, sem þú vilt vita, heyrirðu hjá **Togga.** Fraknir fréttamenn kl. 8 og 10. Stjórnskot kl. 9 og 10.
- 9.00 **Gunnlaugur Helgason.** Hér er maður á ferðinni sem sefur brosand, og er alltaf í stuði. Hádegisverðarþotturinn, Bibba, óskalog og afmæliskefjur. Fréttir kl. 12 og 14. Stjórnskot kl. 11 og 13.
- 14.00 **Margrét Hrafnisdóttir.** Þú getur treyst á það að heyra flest nýjustu lögin hjá **Möggum** á daginn. Stjórnskáldið valið um 16.30. Þú getur Talað út eftir sex-fréttir um hvað sem er í 30 sekúndur. Síminn er 681900. Fréttir allan daginn. Stjórnskot kl. 15 og 17.
- 19.00 **Kristófer Helgason.** Ertu í stuði, viltu senda kveðju eða óskalog? Hafðu samband við **Kristó** í síma 681900. Hann er alltaf í stuði á kvöldin.
- 24.00 **Næturvakt Stjórnnunnar.**

FM 95.1

- 7.00Hörður Arnarson.
- 9.00 Sigurður Gröndal og Richard Scobie.
- 11.00 Steingrímur Ólafsson.
- 13.00 Hörður Arnarson.
- 15.00 Sigurður Gröndal og Richard Scobie.
- 17.00 Steingrímur Ólafsson.
- 19.00 Steinnunn Halldórsdóttir.
- 22.00 Snorri Már Skúlason.
- 1.00– 7 Tómas Hilmar.

FM 106.8

- 9.00 **Rótarfónar.**
- 12.00 **Prógramm.** Tónlistarþáttur. E.
- 14.30 **Á mannlegu nótnum.** Flokkur mannsins. E.
- 15.30 **Samtök græningja.** E.
- 16.00 **Fréttir frá Sovétríkjunum.** María Þorsteinsdóttir.
- 16.30 **Umrót.** Tónlist, fréttir og upplýsingar um félagslíf.
- 17.00 **Arnar Knúttsson** leikur tónlist.
- 18.00 **Elds er þört.** Umsjón: Vínstrisóíalistar. Um allt milli himins og jarðar og það sem eftir er á baugi hverju sinni.
- 19.00 **Hlustið.** Tónlistarþáttur í umsjá Kristins Pálssonar.
- 20.00 **Fés.** Unglingabáttur. Umsjón: Júlíus Schopka.
- 21.00 **Í eldri kantinum.** Tónlistarþáttur í umsjá Jóhannu og Jóns Samúels.
- 22.00 **Magnamín.** Tónlistarþáttur með Ágústi Magnússyni.
- 23.30 **Rótarfónar.**
- 24.00 **Rokkað eftir miðnætti** með Hans Konráð Kristinssyni.

SKY CHANNEL

- 4.30 **Viðskiptabáttur.**
- 5.00 **The DJ Kat Show.** Barnabáttur.
- 7.30 **Panel Pot Pourri.** Spurningabáttur.
- 9.00 **The Sullivans.** Framhaldsþáttur.
- 9.30 **Sky by Day.** Fréttabáttur.
- 10.30 **A Problem Shared.** Fræðslubáttur með ráðleggingum.
- 11.00 **Another World.** Sæpuopera.
- 11.55 **General Hospital.** Framhaldsflokkur.
- 12.50 **As the Worlds Turns.** Sæpuopera.
- 13.45 **Loving.**
- 14.15 **The Lucy Show.** Gamanþáttur.
- 14.45 **Sylvanians.** Teiknimyndasería.
- 15.00 **Poppþáttur.**
- 16.00 **The Young Doctors.**
- 16.30 **Three's Company.** Gamanþáttur.
- 17.00 **Sky Star Search.** Hæfileika-keppni.
- 18.00 **Sale of the Century.** Spurningaleikur.
- 18.30 **Hey Dad.** Gamanmyndaflökkur.
- 19.00 **Mr. Belvedere.** Gamanmyndaflökkur.
- 19.30 **Trapper John.** Gamanmyndaflökkur.
- 20.30 **Rush.** Framhaldsþáttur.
- 21.30 **Jameson Tonight.** Rabbþáttur.
- 22.30 **Golden Soak.** Ævintýraseía.

SKY MOVIES

- 13.00 **Crystalstone.**
- 15.00 **Uphill All the Way.**
- 17.00 **The Mission.**
- 19.05 **Monty Python's Life of Brian.**
- 21.00 **Fear City.**
- 23.00 **Aloha Bobby and Rose.**
- 00.30 **The Hitchhiker.**
- 01.00 **Asoul on Precint 13.**
- 03.00 **Monthy Python's Life of Brian.**

EUROSPORT

- 9.30 **Snóker.** Opna Asiumótið.
- 11.30 **Eurosport – What a Week!** Litíð á viðvörðli liðinnar viku.
- 12.30 **Fimleikar.** Austur-þýska meistaramótið.
- 13.30 **Kappakstur.**
- 14.30 **Kappakstur.** Formúla 1 keppni í Belgíu.
- 15.30 **Eurosport Menu.**
- 16.00 **Snóker.** Opna Asiumótið.
- 17.00 **Trans World Sport.** Kappakstur.
- 18.00 **Blak.** Stórmót í Moskvu.
- 19.00 **Hjólreiðar.** Stórmót í Frakklandi.
- 21.00 **Knattspyrna.** Undankeppni heimsmeistarakeppninnar.
- 22.00 **Snóker.** Opna Asiumótið.

SUPER CHANNEL

- 13.30 **Poppþáttur.**
- 14.30 **Hottline.**
- 16.30 **Transmission.** Popp í Englandi.
- 17.30 **Lenny Henry.** Gamanmál.
- 18.00 **Tarzan's Revenge.** Kvikmynd.
- 19.30 **Euromagazine.** Fréttabáttur.
- 19.50 **Fréttir og veður.**
- 20.00 **Burke's Law.** Spennumyndaflokkur.
- 20.55 **Barnaby Jones.**
- 22.00 **Fréttir, veður og popptónlist.**

Miðvikudagur 30. ágúst



Auður og völd er það sem persónur í Falcon Crest sækjast eftir.


Stöð 2 kl. kl. 20.30:

## Falcon Crest

Nú er hvorki Dallas né Dynasty á Stöð 2, allavega ekki þessa stundina, svo aðáendur slíkra framhaldsmyndaflokka verða að láta sér nægja vinnræktar-fjölskyldurnar sem ráða lögum og lofum í Falcon Crest.

Þátturinn í kvöld er númer 114, en það ætti ekki að fæla nýja áhorfendur frá því eins og fyrstnefndu þættirnir

ir þá er söguþráður Falcon Crest þeim eiginleika búinn að áhorfandinn er strax kominn inn í vandamál ríka fólksins. Stríðið á milli Angelu Chaning og Chase Gionberti og ástamál nákominnna sem og fjarskyldra ættingja sem eru vægast sagt skrautleg. Þá eru öll brögð notuð í viðskiptum þar sem barist er um landeignir og peninga.



Tveir vinir, James og Michael, hittast eftir langan aðskilnað.

Stöð 2 kl. 17.30:

## Eilíf æska

Eilíf æska (Forever Young) fjallar um tvo vini sem hittast eftir langan aðskilnað. Þegar þeir voru ungir dreymdi þá um að verða vinsælir söngvarar á borð við Everly-bræður og Simon And Garfunkel. Þeir eru á barmi þess að slá í gegn þegar kvenmaður verður til þess að þeir slíta samstarfinu. Nú er annar þeirra prestur en hinn er þekktur fyrirlesari sem er á fyrirlastrarferðalagi þegar þeir hittast.

Þeir endurnýja kynnin og leika og syngja saman á skemmtun, en aftur verður það kvenmaður sem stífar þeim í sundur. Þótt atburðarásin sé mun flóknari en í fyrra skiptið.

Eilíf æska er raunsæis-kvikmynd sem hefur nokkuð hæga atburðarás en er í heild ágæt skemmtun. Þess má geta að framleiðandi myndarinnar er David Putnam sem meðal annars framleiddi Chariots of Fire og Killing Fields. -HK

Rás 1 kl. 22.30:

## Hvert stefnir íslenska velferðarríkið

Í kvöld kl. 22.30 hefst á rás 1 ný þáttaröð í fimm hlutum undir yfirskriftinni Hvert stefnir íslenska velferðarríkið?

Óhætt er að fullyrða að íslenskt atvinnu- og efnahagslíf sé í öldudal um þessar mundir, samanber daglegan fréttaflutning fjölmiðla. Sumir ganga jafnvel svo langt að tala um kreppu

í velferðarríkinu. Í þáttunum fimm er ætlunin að skoða baksvið þeirrar umræðu sem nú fer fram um þessi mál og varpa fram spurningum um stöðu velferðarríkisins og framtíð þess á Íslandi. Umsjónarmaður þáttanna er Einar Kristjánsson og verða þeir endurfluttir á föstudögum kl. 15.03.